



## FUNDARGERÐ FULLTRÚARÁÐSFUNDAR

**Fundarstaður:** Borgartún 3, 4.h.  
**Dagsetning:** 20.11.2003 kl. 16:00  
**Fundarmenn:** Þorvaldur S. Þorvaldsson, Skógræktarfélag Reykjavíkur, ÞSP  
Ásdís Ingbórsdóttir, Framkvæmdasýsla ríkisins, Ál  
Þórarinn Magnússon, Félagsbústaðir, ÞM  
Hákon Ólafsson, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, HÓ  
Smári Þorvaldsson, Umhverfisráðuneytið, SP  
Sigurður Thoroddsen, Skipulagsstofnun ríkisins, ST  
Sigurður Gíslason, forsætisráðuneyti, SG  
Jón H. Ásbjörnsson, Ríkiskaup, JHÁ  
Sigmar B. Hauksson, Heilsuborgin Reykjavík, SBH  
Þorbergur Karlsson, VSÓ, ÞK  
Óskar Örn Gunnarsson, VST, ÓÖG  
Bjarni Reykjálín, Akureyrarbær, BR  
Valgeir Valgeirsson, Landsbanki Íslands, VV  
Guðjón Magnússon, Orkuveita Reykjavíkur, GM  
Ari Skúlason, Aflvaki, AS  
Helga Bragadóttir, Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, HB  
Þórarinn Þórarinsson, Arkitektafélag Íslands, ÞÞ  
Magnús Sædal Svavarsson, Samband ísl. sveitarfélaga

**Fundarefni:**

1. Ráðstefna í Osló í september 2003.
2. Partnering námsstefna í október 2003.
3. Vinnuhópar vegna ráðstefnu á Íslandi 2005.
4. Ráðstefna í Varsjá í september 2004.
5. Önnur mál.

ÞSP setti fund og minntist Ólafs Jenssonar sem lést í júlí sl. Ólafur var ritari í stjórn NBD til margra ára og fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga. Fundarmenn risu úr sætum og áttu stundarþögn í minningu hans. Magnús Sædal Svavarsson kemur inn í ráðið í stað Ólafs fyrir hönd Sambands ísl. sveitarfélaga og Ásdís Ingbórsdóttir er nýr ritari stjórnar.

1. Ál sagði í grófum dráttum frá ráðstefnunni sem haldin var í Lilleström (Osló) í september. Þema ráðstefnunnar var byggt fyrir manneskjur og var á sama tíma opnuð stór byggingarvörusýning í nýju sýningarhúsi við hótelið þar sem ráðstefnan var haldin. Fjórir meðlimir stjórnar NBD á Íslandi voru á ráðstefnunni og hafa margt við hana að athuga er varðar undirbúning og skipulagningu. Þessi reynsla er því gott stjórnþæki fyrir undirbúning að ráðstefnunni 2005. Umfjöllun um ráðstefnuna er að finna á heimsíðu [www.fsr.is](http://www.fsr.is).
2. ÞSP sagði frá námsstefnu um "Partnering" sem haldin var á vegum NBD á Íslandi í Norræna húsinu þann 9. október sl. Þátttakendur voru um 75 en þetta er í fyrsta sinn sem NBD heldur slíka námsstefnu utan stóru ráðstefnanna. Þetta hefur ekki verið gert á hinum Norðurlöndunum en stjórn NBD á Íslandi hefur áhuga á að halda slíkar námsstefnur einu sinni á ári, bæði til að viðhalda faglegri umræðu um nýjungar líðandi stundar og til að kynna NBD. Stjórn NBD hefur pantað bókina "Partnering" sem Knud Erik Busk ( fyrirlesarinn ) hefur gefið út. Enn er hægt að panta bókina hjá ritara NBD.



## NORRÆNN BYGGINGARDAGUR - NBD

3. PM kynnti hugmynd stjórnar að hópastarfi sem munu taka að sér að undirbúa einstaka þætti vegna ráðstefnunnar 2005. Hóparnir eru sem hér segir og efsti maður á lista er umsjónarmaður hópsins og tengiliður stjórnar:

- **Fagferðir:**

Ásdís Ingbórsdóttir, Framkvæmdasýslu ríkisins  
Bjarni Reykjalin, Akureyrarbæ  
Guðjón Magnússon, Orkuveitu Reykjavíkur  
Magnús Sædal Svavarsson, Samband ísl. sveitarfélaga  
Óskar Örn Gunnarsson, VST  
Þórarinn Þórarinsson, AÍ

- **Fjármál:**

Þórarinn Magnússon, Félagsbústaðir  
Alexander Guðmundsson, Íslandsbanki  
Jóhannes Benediktsson, Tæknifræðingafélag Íslands  
Smári Þorvaldsson, Umhverfisráðuneyti  
Þorbergur Karlsson, VSÓ

- **Fyrirlesarar:**

Þorvaldur S. Þorvaldsson, Skógræktarfélag Reykjavíkur  
Ari Skúlason, Aflvaki  
Hákon Ólafsson, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins  
Helga Bragadóttir, Skipulagssvið Reykjavíkur  
Hjalti Sigmundsson, Línuhönnun  
Sigmar B. Hauksson, Heilsuborgin Reykjavík

Þá er og unnið að öðrum málum sem ekki eiga beina tengingu við ráðstefnuna 2005 en það eru:

- **Lög samtakanna (samræming og endurskoðun):**

Smári Þorvaldsson, Umhverfisráðuneyti  
Ingi Valur Jóhannesson, Félagsmálaráðuneyti

- **Heimasíða NBD**

Ásdís Ingbórsdóttir, Framkvæmdasýslu ríkisins

PM bendir einnig á að menn séu velkomnir í hópana, ofangreint er tillaga stjórnar að hópum. Á næstu vikum verða hóparnir kallaðir saman til skrafs og ráðagerða. ÞSP bendir á að mjög mikilvægt sé að farið sé snemma af stað í þennan undirbúning því rekja má þau mistök sem urðu bæði hjá Norðmönnum og Dönnum til þess að of seint var farið af stað í undirbúning.

Rætt var um hugsanlega fyrirlesara ráðstefnunnar og eru hér nefnd nokkur nöfn sem upp komu: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðni Jóhannesson prófessor í Stokkhólmi, Jón Kristinsson, Sigurður Guðmundsson og/eða annar umhverfislistamaður, Bragi Árnason vegna vetnisvæðingar, Paul Simon, arkitekt og ferðamálastjóri í Bath og forstjóri bresku heilulindarsamtakanna, Guðmundur Björnsson endurhæfingarlæknir f.v. forstj. NLFÍ og svo mætti lengi telja.

Þá er gert ráð fyrir, í dagskrá ráðstefnunnar, að framhald verði á henni á Akureyri sem það vilja. Þema ráðstefnunnar heldur þar áfram. Þetta þarf að útfæra nánar í samvinnu við heimamenn.



## NORRÆNN BYGGINGARDAGUR - NBD

Rástefnan verður á Nordica Hotel og vonandi í nánum tengslum við Laugardalinn og þá útvistar- og afþreyingarmöguleika sem þar bjóðast. T.d. er hugmynd að halda loka hófið í nýju íþróttamiðstöðinni.

Stjórn NBD hefur m.a. farið á fund Höfuðborgarstofu og fengið mjög góðar viðtökur vegna ráðstefnunnar og þá hefur menningarmálastjóra einnig verið kynnt málið. Borgarstjóri tekur á móti hópnum á sunnudagskvöldinu í ráðhúsi Reykjavíkur.

4. ÞSB kynnti "milli" ráðstefnu sem haldin verður í Varsjá í Póllandi 22.-24. september 2004. Hér er ekki um eiginlega ráðstefnu á vegum NBD að ræða en pólverjar halda hana í samvinnu við NBD í Danmörku. Kynningarbæklingi var dreift en einnig er bent á heimasíðu ráðstefnunnar: [www.erhvervsejendom.dk](http://www.erhvervsejendom.dk) og [www.eurobuild.pl](http://www.eurobuild.pl)
5. Ál sendir að ósk fundarmanna lista yfir aðila að NBD. Stjórn stefnir að því að fjölga aðilum og þá ekki síst vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu 2005 og bjóða í því sambandi jafnvel upp á sérstaka aðild sem einungis er til styrktar ráðstefnunni og undirbúningi hennar.  
Þá kom fram sú hugmynd að BYKO og/eða Húsasmiðjan gætu verið þannig bakhjarlar.